



Niðurfelling gatnagerðargjalda

Á 556. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, þann 24. mars 2021, var lögð fram umsókn Einars Birkis Sveinbjörnssonar um byggingarleyfi f.h. EBS fasteignir slf. á einbýlishúsi úr timbri við Ártungu 2, Ísafirði, auk þess sem óskað var eftir niðurfellingu gatnagerðargjalda.

Nefndin vísaði ósk um niðurfellingu gatnagerðargjalda til bæjarráðs.

Á 473. fundi bæjarstjórnar þann 18. mars 2021 samþykkti bæjarstjórn eftirfarandi:

„Bæjarstjórn samþykkir að framlengja tímabundið heimild til niðurfellingar gatnagerðargjalda, af nýbyggingu íbúðarhúsnæðis, á lóðum við þegar tilbúna götur í sveitarfélaginu sem ekki þarf að leggja frekari kostnað í. Lækkunin er gerð á grundvelli sérstakrar lækunarheimildar sem hægt er að veita skv. 6. gr. laga nr. 153/2006, um gatnagerðargjöld. Ákvæðið gildi til 31. desember 2021.“

Umrætt mál fellur undir ofangreinda samþykkt, og er því lagt til að bæjarstjóra verði falið að ljúka málinu til samræmis.